

Samkomulag um afnot af íþróttahúsinu IÐU

Sveitarfélagið Árborg kt:650598-2029 hér eftir nefnt SÁ og Fjölbrautaskóli Suðurlands, kt:491181-0289 hér eftir nefnt FSu gera með sér eftirfarandi samkomulag um afnot SÁ af íþróttahúsinu IÐU á Selfossi.

1.gr.

Samningur þessi kveður á um leigu SÁ af Íþróttahúsinu IÐU á Selfossi. Leigutími SÁ á hverju ári er eftirfarandi:

- Yfir skólaárið frá miðjum ágúst og út maí frá því að kennslu lýkur hjá FSu á daginn og fram að lokun að kvöldi kl. 23:00. Um helgar samkvæmt opnunartíma lau. 8:00 – 18:30 og sun. 10:00 – 23:30
- Frá 10. júní til 15. júlí alla virka daga frá kl.9 – 12:30 fyrir sumarnámskeið
- Frá 1. júní til 15. ágúst alla virka daga frá 16:00 – 22:00 fyrir sumaræfingar og þrekþjálfun. Gerð skal æfingadagskrá í apríl ár hvert sem sýnir skipulag sumaræfinga og sumarnámskeiða
- Æfingadagskrá í kringum jóla- og páskafrí sem og aðra hátíðisdaga er skipulögð tímanlega í samráði við húsvörð.

Færast dagsetningar til t.d yfir sumartímann er það gert tímanlega í samráði beggja aðila.

Undir afnot SA fellur íþróttasalur, lyftinga- og slökunarsalur, áhaldageymsla, búningasklefar, kennslustofa 1 og aðgengi að klósettum á gangi ásamt anddyri og skrifstofu inn af afgreiðslu fyrir Umf. Selfoss sem hefur aðalstarfstöð í íþróttahúsinu. Nánar er farið yfir greiðsluskiptingu í 5.gr. samnings þessa.

2.gr.

Gert er ráð fyrir því að þær íþróttagreinar sem stundaðar eru innandyrna í íþróttasal á svæðinu geti æft og/eða keppt í IÐU. Gert er ráð fyrir því að haustið 2018 flytji handknattleiksdeild Umf. Selfoss sína starfssemi yfir í IÐU og er tekið mið af því í þessum samningi.

Báðir aðilar eru meðvitaðir um að við iðkun handknattleiks í 4 flokki og ofar er notað harpix og munu gilda eftirfarandi viðmið í húsinu:

- Þjálfarar yngri flokka kenna iðkendum reglur um notkun á harpixi í Iðu.
- Reynt verður eftir fremsta megni að einskorða harpixnotkun við íþróttasalinn og því mun SÁ leggja til handboltahreinsivél og handþvottavél í salinn sem iðkendur geta notað til að þrifa bolta og hendur eftir æfingu. Einnig verður gott samráð við handknattleiksdeildina svo allir iðkendur virði þessi viðmið

Önnur atriði sem aðilar eru sammála um gagnvart starfssemi handknattleiksdeildar Umf. Selfoss og aðstöð þeirra í IÐU.

- Félagið hefur leyfi til að setja upp auglýsingar til fjáröflunar á vegg í íþróttasal í samráði við húsvörð. Gengið skal snyrtilega frá auglýsingunum og þær hafðar í sömu stærð eins og hægt er. Sama á við um standandi auglýsingar á leikjum, ein stærð. Gert er ráð fyrir frágangi þeirra á vísun staði í Iðu að notkun lokinni í samráði við húsvörð
- Handknattleiksdeild ber kostnaður við uppsetningu auglýsinga
- Handknattleiksdeild getur sett auglýsingar á íþróttagólf í samráði við húsvörð. Gert er ráð fyrir einföldum auglýsingum líkt og þekkist á landsleikjum Ekki er gert ráð fyrir að heill teigur eða miðjuhringur sé merktur. Ávallt skal nota efni í auglýsingar sem auðvelt er að fjarlægja

OK
AS

- SÁ setur upp litla skápa fyrir ofan snaga í tvo búningsklefa, einn karla- og einn kvennaklefa fyrir meistaraflokksleikmenn handknattleiksdeildar. Um er að ræða litla læsta skápa sem leikmenn geta geymt æfingadót eða persónulega muni
- Handknattleiksdeild hefur heimild til að setja upp einn sjálfsala í anddyri IÐU sem er hluti af fjáröflun deildarinnar. Eingöngu er um heilsu- og svaladrykki að ræða - ekki sykraða gosdrykki. Staðsetning væri ákveðin í samráði við húsverð

3.gr.

Þrif í húsinu eru í höndum FSu og fellur undir rekstrarkostnað hússins. Báðir aðilar eru þó sammála um að bæta þarf við þrifa- og viðhaldsáætlun IÐU þegar harpixnotkun hefst í íþróttasalnum. Aðilar eru sammála um að gera sérstaka þrifaáætlun fyrir haustið 2018 og kostnaðarmeta þá viðbót sem kæmi til vegna harpixnotkunar í húsinu. Sá viðbótarkostnaður kæmi þá inn í leigu SÁ.

Nýjar umgengnisreglur verða samdar af hlutaðeigandi sem allir iðkendur og þjálfarar skulu fylgja.

4.gr.

Báðir aðilar eru meðvitaður um árlegt tónleikahald í IÐU. Um er að ræða einn viðburð. Oftast haldinn í annarri viku nóvembermánaðar en þá er húsið lokað síðdegis þriðjudags og fram á föstudag. Ef aðrir tónleikaviðburðir verða haldnir í IÐU skal það unnið í samráði beggja aðila.

5.gr.

Fyrir afnot af hinu leigða húsnæði greiðir SÁ leigu samkvæmt útreikningi á sérstöku uppgjörsskjali sem fylgir með samningi þessum. Í uppgjörsskjalinu kemur fram prósentuskiptin hvors aðila á notkun á þeim rýmum sem um ræðir í 1.gr. og skipting rekstrarkostnaðar. Uppgjörsskjalið er uppfært á hverju hausti og samþykkt af báðum aðilum við fjárhagsáætlunargerð.


6.gr.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu og er uppsagnartími 12 mánuðir nema samið sé um annað. Uppsögn á samningnum skal berast skriflega.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Eitt eintak fyrir hvorn aðila.

Selfossi 18. júní 2018

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar,
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs


Asta Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri Sv. Árborgar

F.h. Fjölbrautaskóla Suðurlands,


Olga Lísu Garðarsdóttir
skólameistari FSu

Vottar:

 kennt: 250481-5359

Hreinn Hlaðgarðsd. kennt: 021281-4929